



Reykjavík 7.3.2022

UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skipulagsfulltrúi

Tillaga Áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins varðandi íbúa við Hlemm (US220026)

Á fundi skipulags- og samgönguráðs dags. 09.02.2022 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn US220026 og vísað til umsagnar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skipulagsfulltrúa:


Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að fundinn verði staður fyrir djúpgáma við Hlemm. Við Hlemm býr fólks sem átt hefur í mesta basli með að koma frá sér sorpi. Einnig er lagt til að íbúum Hlemm verið gefið formlegt leyfi til að aka bíl sínum upp að dyrum til að afferma vörur/vistir eða ef flytja þarf þunga hluti inn á heimilið.

Greinargerð:

Það eru engir djúpgámar fyrir íbúa sem búa við Hlemm til að koma frá sér rusli. Fyrir þá íbúa sem eiga bíla er ekki vitað hvort þeir megi aka með þungar og miklar vörur/vistir upp að dyrum sínum. Það eru leiðir og leyfi fyrir fyrirtæki að afferma vörur en hvar er leyfið fyrir íbúana. Nefnt hefur verið að við Filadelfíukirkju sé sleppistæði í þessum tilgangi. En varla er ætlast til að þeir sem búi við Hlemm beri t.d. húsgögn eða aðrar þungar og umfangsmiklar vörur frá Filadelfíustæðinu og niður á Hlemm.

Svar:

Mögulega er aðallega átt við reitinn sem afmarkast af Hlemmi, Snorrabraut og Hverfisgötu. Þarna eru vandmál t.d. með sorpgeymslur á Laugavegi 105 þar sem fyrir var lítil og ófullnægjandi sorpgeymsla áður en útbúin voru sér-einmannsherbergi og vandamálið óx í kjölfarið. Einnig hafa verið vandræði með pláss fyrir sorptunnur og aðgengi til að mynda frá Hverfisgötu 114 og Laugavegi 113. Við annað íbúðarhúsnæði í nágrenni Hlemmtorgs ættu aðstæður að vera í þokkalegu lagi. Næstu grenndarstöðvar eru við Skúlagötu og í Nóatúni. Í hverfaskipulagi er ráð gert fyrir grenndarstöð við Einholt/Skipholt. Mögulega mætti koma fyrir sameiginlegum sorpgerðum innan þessara lóða á vegum húseiganda sem væri vissulega kostur fyrir sorphirðu.



Uppi eru hugmyndir um djúpgámalausnir á Skúlagarðsreit milli Bríetartúns, Rauðarárstígs og Laugavegar en sú lausn væri aðgangsstýrð og eingöngu fyrir þann reit. Djúpgámalausnir eru almennt tæplega mögulegar á reitnum næst Hlemmtorgi vegna plássleysis í borgarlandi og flókins lagnanets neðan yfirborðs.

Varðandi aðgengi íbúa í nágrenni Hlemmtorgs að sérrýmum borgarlínu, þá mætti hugsa sér svipað fyrirkomulag og fyrir fyrirtæki sem afferma vörur sínar, þá gætu íbúar sem búa næst borgarlínuleiðinni, t.a.m. á Laugavegi milli Þverholts og Katrínartúns athafnað sig með búslóð og þunga hluti á afmörkuðum tímum. Verkefnastofa Borgarlínu mun skoða atriði sem þessi við verkhönnun og mun þá án efa horfa til fyrirmýnda á erlendri grundu.

f.h. skipulagsfulltrúa
Ingvar Jón Bates Gíslason, arkitekt